

144. löggjafabing 2014-2015
Þingskjal 17 – 17. mál.

Efni: Mál til umsagnar frá nefndasviði Alþingis.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis).

Félag lýðheilsufræðinga lýsir yfir andstöðu við frumvarpið í heild sinni. Félagið telur það vera stórt skref aftur á bak, í forvörnum, að veita aukið aðgengi að áfengi með því að færa sölu áfengis frá ríki í matvöruverslanir með þeim hætti sem frumvarpið leggur til.¹

Á vef Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar kemur skýrt fram að stefnumótun stjórnvalda eigi að leitast við að takmarka þann skaða sem áfengi getur valdið og hugsa aðgerðir í lýðheilsulegu samhengi. Á heimasíðu Embættis landlæknis kemur fram að mikilvægt sé að lýðheilsusjónarmið séu höfð að leiðarljósi, ásamt bestu þekkingu á virkum og árangursríkum aðgerðum, við alla ákvarðanatöku stjórnvalda er varðar áfengi og önnur vímuefni en það komi fram í *Stefnu í áfengis- og vímuefnum til ársins 2020* sem samþykkt var af heilbrigðisráherra fyrr á árinu 2014. Það skýtur því skökku við að lagt sé fram frumvarp að auknu aðgengi að áfengi á sama tíma.

Félag lýðheilsufræðinga bendir á að í greinargerð frumvarpsins undir kafla um áhrif á neyslu komi fram:

Ekki hefur verið sýnt fram á það að varanlegt orsakasamhengi sé milli aukins aðgengis og aukinnar neyslu.

Þetta er rangfærsla því mikill fjöldi alþjóðlegra rannsókna² benda til þess að afnám einkasölu á áfengi muni leiða til aukinnar heildarneyslu.

¹ Áfengi - engin venjuleg neysluvara. Samantekt úr bókinni „Alcohol: No Ordinary Commodity – Research and Public Policy“. Lýðheilsustöð, 2005. http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi_engin_venjuleg.pdf

² Rannsóknarskýrslur um áfengismál. Samantekt, gerð í október 2014, um rannsóknarskýrslur um áfengi, neyslumynstur áfengis, áhrif áfengisneyslu á einstaklinga og samfélög, áhrif breytinga á söluþyrirkomulagi áfengis og gagnreyndar aðgerðir til að draga úr eða sporna við skaðlegum áhrifum http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item24904/Ranns%C3%B3knarsk%C3%BDrslur%20um%20%C3%A1afengism%C3%A11_samantekt.pdf